

Stjórnarfundur 8. September 2021

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Hálfván Guðmundsson
- Bjarki Þór Kjartansson
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Niðurstaða Skotstjórafundar
2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu
3. Gjald fyrir ungliðaæfingar
4. Fastir liðir
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
5. Önnur mál

1. Niðurstaða Skotstjórafundar

Allar greinar eru með skotstjóra á skipulögðum æfingum. Mikil samstaða var á milli skotstjóra um það að passa að ekki hver sem er geti komið og stundað æfingar í félaginu, þá sérstaklega ef skotstjóri treystir ekki viðkomandi.

Vegna sóttkvíar gat fulltrúi stjórnar ekki kynnt nýja verkferla í tengslum við brot á reglum félagsins en stjórnin stefnir á að senda öllum skotstjórum afrit af gögnum og biðja um rýni.

2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu

Stjórnin er sammála um þörf fyrir því að setja upp leigusamninga fyrir útleigu á skápum félagsins þar sem eftirfarandi skilmálar þurfa að vera til staðar:

- Fulltrúar Stjórnar þurfa að hafa tök á því að opna skápa félagsmanna komi upp þörf til þess. Allir leigutakar á skápum þurfa að vera með skráð símanúmer og netfang sem hægt er að hafa samband við leigutaka vegna þessa. Sé þörf á því að opna skáp strax t.d. vegna flóða þyrfti þá að hringja í viðkomandi og tilkynna þeim hvað er í gangi, en ef það kemur upp að það þurfi á næstu dögum að opna skáp sé nóg að tilkynna með tölvupósti.
- Greiðslur eru einu sinni á ári og samhliða félagsgjaldi. Samningi vegna leigu er rift ef gjaldið hefur ekki verið greitt innan tilskilins tíma. Stjórn stingur upp á marsmánuði eftir að greiðsluseðill hefur verið gefinn út.
- Skáparnir eru einungis til afnota fyrir búnað ætluðum æfingum í félagsaðstöðunni. Ef upp kemur að ólöglegur varningur er geymdur í aðstöðunni verður það tilkynnt til yfirvalda.
- Skáparnir eru fyrir virka iðkendur sem eru að keppa í okkar nafni og hafa þeir forgang yfir þá sem eru með skráðan keppnisrétt annarsstaðar.

3. Gjaldtaka fyrir Ungliðaæfingar

Stjórn er sammála því að hefja gjaldtöku fyrir ungliðastarf, en leggur til að það verði rukkað fram að áramótum einhvern hluta úr gjaldi og svo árgjald fyrir ungliðastarf á næsta ári.

Stjórn leggur til að rukka 39.000 fyrir árið, en innfalið í því er þjálfun tvisvar í viku ásamt möguleika á úrtakshóp þar sem æft verður til keppnishalds.

4. Fastir Liðir

Engin D-Leyfisumsókn liggur fyrir eins og er.

Það hefur fengist samþykki fyrir því að fara í útboð með framkvæmdirnar, þær vonandi hefjast sem fyrst. Stjórn félagsins mun reyna að komast að því hvaða framkvæmdir eru í gangi á hverjum tíma fyrir sig til að fyrirbyggja aðstöðuleysi á tímum sem hentar illa að missa aðstöðu, eins og fyrir stórmót.

5. Önnur mál

Formaður félagsins biður svara frá STÍ í sambandi við brottvikningu iðkanda úr félagi. Þetta þarf að vera til staðar þegar æfingar hefjast.

Stjórn ætlar að heyra í fólki sem gæti hugsanlega komið að félaginu sem þjálfari tímabundið að utan og vera með þjálfun fyrir iðkendur félagsins.